

## Skólaakstur

Pant sinnir skólaakstri fyrir fötluð grunnskólabörn með lögheimili í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Sækja þarf um skólaakstur hjá deildarstjóra sérdeildar eða skólastjóra í upphafi skólagöngu. Skólinn sendir Pant staðfestingu á að nemandinn hafi heimild til að nýta sér akstursþjónustuna.

### Skólabyrjun

- ☒ Forráðamenn panta fastar ferðir til að tryggja stöðugleika
- ☒ Mætingartími í skólann
- ☒ Nemendur í sama hverfi ferðast saman í skóla
- ☒ Bíllinn bíður í þrjár mínútur
- ☒ Láta vita um breytingar tímanlega

Hvenær nemandinn er sóttur á morgnana fer eftir því hve margir samnemendur eru í sama hverfi og hve langa leið hann þarf að ferðast í skólann. Fyrstu dagana á nýju skólaári þurfa nemendur að vera tilbúnir að fara í bíllinn klukkan 7:15. Þeir sem búa í Mosfellsbæ þurfa að vera tilbúnir klukkan 7:00. Ef lítið er um breytingar á ferðunum kemst á tveimur til þremur vikum skipulag á þær og bíllinn kemur á svipuðum tíma eftir það. Áætlaðan sækingartíma er hægt að sjá á Mínum síðum en gera þarf ráð fyrir að bíllinn geti komið fimm mínútum fyrir eða tíu mínútum eftir áætlaðan tíma.

### Ferðapöntun



Tveggja tíma fyrirvari



Tveggja tíma fyrirvari



Tólf tíma fyrirvari






## Hvað gerist ef barnið mætir ekki í ferðina sína?

Ef barnið mætir ekki í ferðina sína þá falla allar aðrar ferðir niður þann daginn nema hringt sé inn og óskað eftir því að allar ferðir dagsins haldist inni í kerfinu. Því er mikilvægt að láta vita ef farþegar fara t.d. í skólann með öðrum hætti en vilja fara með akstursþjónustunni heim eða í frístund.

## Mikilvægar upplýsingar fyrir bílstjóra

Mikilvægar upplýsingar fyrir bílstjóra eru stjörnumerktar og koma upp sérstök skilaboð í tölvukerfi í bílunum, þetta er gert til að tryggja enn frekar öryggi farþega. Dæmi um stjörnumerkingar eru: „Farþegi er með flogaveiki“ – „Farþegi getur ekki tjáð sig en skilur vel þegar talað er við hann“ o.s.frv. Rétt er að taka fram að bílstjórar eiga alltaf að tryggja móttöku á nemendunum.

## Mínar síður

-  Sækja um aðgang á  [pantanir.pant.is](https://pantanir.pant.is)
-  Hægt að sjá pantaðar ferðir tvær vikur fram í tímann
-  Afbóka ferðir
-  Athugið að staða ferðar breytist í *Lokið* ef það er seinkun á bílnum.

## Skólalok

Haustið eftir að grunnskóla er lokið þarf að sækja um þjónustuna að nýju hjá því sveitarfélagi sem barnið er skráð með lögheimili í. Hægt er að sjá gjaldskrá á heimasíðu Pant.

## Opnunartími þjónustuvers er:

Mán – fös.: kl. 09:00 – 16:00

Laugardaga: kl. 10:00 – 14:00

Sunnudaga: kl. 10:00 – 14:00

Utan opnunartíma þjónustuversins er eingöngu hægt að panta stakar ferðir, afpanta ferðir og fá svör við brýnum erindum.

